




Laugarásvegur 71 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 5. október 2023 var lögð fram fyrirspurn Landspítalans, dags. 25. september 2023, um að malarplan við lóðarmörk lóðarinnar nr. 71 við Laugarásveg verði skilgreint sem bílastæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd, borgarvefsjá



Mynd með fyrirspurn

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin íbúðarsvæðinu Laugarás.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

Umsögn

Þarna er í dag, eða ætti að vera, grænt svæði. Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði í gróinni byggð á borgarlandi þar sérstaklega er reynt eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt að óþörfu.

Það eru til hugmyndir um að færa gangstéttina fjær götu inn á þetta svæði ef gerður yrði hjólastigur meðfram götunni.

Í dag er heimilt að leggja í götukanti samsíða götunni, við hægri brún götunnar, báðum megin.

Niðurstaða

- Neikvætt samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri